


ning sýningar sinnar í Gallerí Nýhöfn. Morgunblaðið/Þorkell

dæmi um það hvað karlmenn ætla að vera miklu lengur en við að ná þeirri breytingu sem er að verða á stöðu kynjanna.

Kannski hafði það eitthvað með það að gera að ég var eina einstæða móðirin þarna úti. Núna eru þarna margar konur við tónlistarnám og einhverjar í myndlist. Sumar þeirra eru einstæðar mæður."

Mörgum virðist vaxa í augum þessi orð „einstæð móðir." Var þetta erfitt fyrir þig?

„Það hefur aldrei tafið mig, eða háð mér, að vera ein með dóttur mína. Ég hef alltaf tekið hana með mér og aldrei látið hana stöðva mig í því sem ég ætlaði að taka mér fyrir hendur. Tími minn miðaðist þó við þann tíma sem hún var í skólanum. Ég held það sé sama sagan hjá konum sem eru giftar og þurfa að samræma móðurhlutverkið, eiginkonuhlutverkið, námið og vinnuna. Og það eru margar konur jafn einar og einstæðar mæður þótt þær séu giftar. Það er auðvitað alltaf dýrara að gera það sem mann langar þegar maður hefur barn á framfæri sínu — hvort sem maður er giftur eða ógiftur. En það stöðvar mann ekki. Mér finnst það léleg afsökun hjá konum sem þykjast vilja gera eitthvað, að börn séu fyrirstaða. Ég held að börn hafi heldur ekkert verra af því að fylgjast með mæðrum sínum í námi og starfi en að vera vernduð inni á lokuðum heimilum þar sem allt fer fram samkvæmt áætlun.

Ég vil þó ekki meina að það sé kostur að vera einn um að ala upp barn. Það er oft erfitt að vera einn um að setja reglurnar. Samband mitt við dóttur mína er meira eins og vináttusamband en samband foreldris og barns. Annars held ég að barnauppeldi sé mikið að breytast í einmitt þá átt í kjölfar breyttrar stöðu konunnar og breyttrar stöðu fjölskyldunnar, þar sem báðir foreldrar vinna úti.

Ég er núna nýflutt heim frá Hollandi og ég tek strax eftir því að barnauppeldi hér er svo ólíkt því sem er í Hollandi. Bæði er að þar er meiri agi og börnin þar eru verndaðri en hér. Mömmurnar og pabbarnir koma að sækja þau í skólann og eru svo með þeim. Hér eru börn miklu sjálfstæðari. Mér skilst að ég sé frekar ströng. Reyndar veit ég ekki hvernig uppeldið á eftir að ganga hér. En ég hef þó alla fjölskyldu mína hér. Ég óskaði þess stundum að hún væri úti til að bakka mig upp þegar ég var að reyna að setja reglur."

En svo við snúum okkur að sýningunni, þá ætlar þú að sýna olíumálverk og þurrkrítarmyndir. Varstu í málaradeild hér?

„Nei. Þegar ég fór í Myndlistaskólann ætlaði ég í skúlptúrdeild. En ég veiktist — fékk liðagigt. Þá ákvað ég að fara í grafíkdeild til að þjálfa teikninguna. Það reyndist að vísu mjög erfitt líka og mikið púl, en ég vildi ekki hætta.

Í Amsterdam fór ég líka í grafíkdeild af því hún var eina frjálsa deildin. En eftir hálft ár var ég farin að mála. Ég tók líka þátt í öllu sem boðið var upp á í sambandi við kvikmyndun; 16 millimetra kvikmyndun og 8 millimetra, myndbandsgerð, hljóð og handritagerð. Ég kláraði þá deild alveg. Þetta voru tveir vetur sem ég stundaði allt sem boðið var upp á á þessu sviði. Þetta var að vísu önnur deild sem ég fór inn í; „visual communication," en ég málaði alltaf eitthvað með. Krakkarnir sem voru með mér í kvikmyndadeildinni höfðu mestan áhuga á 16 millimetra kvikmyndun, svo að myndbandstækin voru oftast laus. Ég ákvað að best væri að nýta sér það og fljótlega kom í ljós að myndbandsvinnan féll mjög vel að þeim hugmyndum sem ég hafði."

Hvaða hugmyndir voru það?

„Við skulum segja að ég hafi verið að leita að nýjum miðli til að mála með. Þetta er erfiðara með kvikmyndir, því þú þarft að bíða meðan filman er í framköllun og svo framvegis. Aftur á móti með myndbandið, ertu með allt í höndunum og þarft ekki að senda neitt frá þér.

Ég lagði áherslu á að láta málverkið og myndbandið haldast í hendur í þróun minni í listsköpun. Hugmyndir mínar í málverkinu og við myndbandið héldu áfram á þróast samhliða, þannig að það var sjáanlegur skyldleiki í verkum mínum, hvort sem þau voru myndband eða málverk. Frá því ég lauk námi hef ég ekki haft aðgang að né haft fé til myndbandsgerðar. Þó að ég hafi aðgang að upptökuvél og tæki, þá er það svo lítið brot af myndbandsvinnunni, því ég vinn mikið út frá klippingu og stúdíótíminn er svo dýr að ég hef ekki getað sinnt þessu.

Því hef ég eiginlega ekki gert neitt annað en að mála síðastliðin tvö ár. Og þó. Ég tók þátt í „workshop" í Amsterdam í haust. Þetta var í stúdíói og við unnum með myndband, tölvur og hljóð saman. Nú er ég í óðaönn að læra tölvumál. Á meðan ég reyni að safna peningum nota ég tímann til að afla mér aukinnar þekkingar."

Eru verkin á sýningu þinni í Nýhöfn þá máluð á síðastliðnum tveimur árum?

„Nei. Ég lauk námi árið 1986 og var með sýningu í Gallerí Borg í fyrra. Verkin sem ég sýni núna eru öll unnin eftir þá sýningu. Á þeirri sýningu voru verk mín meira „expressjónísk," en núna má segja að þau séu „fígúratív abstraksjón." Enn eru þó leifar af „expressjónisma" hjá mér, en það er að breytast. Þetta er þróun sem gerist hjá manni.

Hjá mér er þetta spurning um að þróast áfram og verkin mín segja mikið um hvað ég hef verið að gera síðustu árin. Líf mitt hefur alltaf fléttast inn í verkin og þá sérstaklega vangaveltur mínar um stöðu konunnar, þangað til núna. Upp á síðkastið ber þó minna á því í mínum verkum.

Í myndbandi hef ég verið að vinna við að leysa upp raunveruleikann — yfir í „abstraksjón," þar sem formið leysist upp í einstaka fleti og liti. En í málverkinu er ég að mála abstrakt, en inn í abstraktið er ég að reyna að koma tjáningu á raunveruleikanum, til dæmis með svipbrigðum á andlitum. Ég er alltaf að tjá sálarástand persónanna í verkum mínum og til að undirstrika sálarástand, sem getur verið ótti, reiði eða undrun, þá vinn ég abstrakt og tel mig á þann hátt geta komið þessu betur til skila en ef ég málaði raunveruleikann, því þá dettur maður í það að horfa á raunveruleikann, fremur en tjáninguna í aðskildu formi.

Við getum tekið eitt verk sem dæmi: Það sýnir breytta stöðu kynjanna í þjóðfélaginu, þar sem konan er komin í ábyrgðarstöðu og gert er ráð fyrir henni sem starfskrafti. Hún er sjálf ráðvillt og það er einmitt sú tilfinning sem ég er að túlka. Hún gnæfir alveg yfir karlmanninn í verkinu. Hann er reiður og rauði liturinn undirstrikar reiðina. Ástæðan fyrir mismunandi staðsetningu þeirra í verkinu er til að undirstrika þessa breyttu stöðu, þar sem konan hefur vaxið mjög við breytt hlutskipti, en karlinn situr eftir og reynir að halda í það sem var. En hvorugt er hamingjusamt. Hún er ráðvillt og ekkert of örugg með sig. Hann er reiður — og ef til vill afbrýðisamur. Jafnvægi er enn ekki komið á."

Viðtal/Súsanna Svavarsdóttir

fjall, mikill himinn og sterk birta"

Norræna textílsýningin á Kjarvalsstöðum

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum norræn textílsýning 10 listamanna og taka tvær íslenskar listakonur þátt í sýningunni. Það eru þær Anna Þóra Karlsdóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir(Silla). Sýningin ber yfirskriftina Saarilla, Á eyjunum, og eru eyjar og umhverfi þeirra sameiginlegt viðfangsefni allra listamannanna. Innbyrðis eru þó verkin mjög ólík, bæði hvað varðar vinnuaðferðir og stílbrögð, og gefur sýningin áhorfendum mjög skemmtilega hugmynd um hvernig sama viðfangsefnið getur orðið kveikjan að mismunandi úrlausnum hjá tilteknum hópi listamanna. Við fengum þær Önnu Þóru og Sigurlaugu til þess að ganga með okkur um sýninguna og gera svolitla grein fyrir verkum listamannanna og vinnuaðferðum þeirra.

Danmörku verður Sigurlaugu tilefni til vangaveltna um ólíkar hugmyndir listamannanna um viðfangsefnið. „Upplifun þeirra sem búa á eyjum er allt önnur en hinna sem búa áfastir við meginlandið. Fastalandsbúarnir velta fyrir sér hafinu umhverfis og víðáttunni, en fyrir mér er eyja ekki síður stórt fjall, mikill himinn og sterk birta."

„Reyndar erum við Silla þær einu sem eru frá eyju. Hinar átta eru allar frá Skandinavíu," segir Anna Þóra. „Hérna er verk finnsku listakonunnar Önnu-Liisu Troberg. Hún hefur kosið að lýsa vetrinum á eyju í verki sínu. Til þess notar hún óunninn bleiktan hör sem hún steypir saman og nær fram sterkri tilfinningu fyrir kulda og visnun gróðursins."

„Marit Ann Hope frá Noregi beitir gjörólíkri leið. Hún vefur litlar eyjar sem eru síðan negldar beint á vegginn. Uppstillingin er því mikilvægur hluti listaverksins," segir Sigurlaug. „Sidsel C. Karlsen frá Noregi sýnir hefðbundin myndvefnað og er reyndar sú eina sem er með fólk í mynd hjá sér," bætir Anna Þóra við.

Þá erum við komin að þeirra eigin verkum og gefum Önnu þóru orðið. „Ég sýni hér tvö verk. Ég nota ull sem ég þæfi og lita á mismunandi hátt. Einfaldleikinn ræður ríkjum í öðru verkinu. Þar er græn eyja umlukin bláu hafi. Það má kalla þetta einfalt og táknrænt. Hitt verkið er einnig unnið úr þæfðri og litaðri ull. Þar leitast ég við sýna massa eyjarinnar með mörgum lögum af bláu og grænu. Yfir þessu hangir hálfgagnsæ blá og hvít þæfð ull og myndar himininn. Þegar birtan skín í gegnum þetta verður þetta ljóslifandi himinn fyrir mér. Eg vona að áhorfendur sjái eitthvað svipað."

Verk Sigurlaugar skera sig dálítið úr hinum. Við spyrjum hvort hún sé komin út á ystu mörk þess sem kalla megi textíl. Er hún kannski komin út í skúlptúr með þessum verkum?

„Já, það getur vel verið. Ég er búin að vinna með hrosshár í mörg ár. Einnig plastefni eins og plexigler. Í annað verkið mitt á þessari sýningu nota ég danskt granít og hrosshár. Danskt grjót er annars alltof hart til að gott sé að vinna með það. Í hitt verkið nota ég íslenskt grágrýti og hrosshár. Þetta verk, Stiklur, er einhvers konar vangaveltur um að við erum sífellt að koma og fara. Eins og sjávarföllin. Já, kannski er ég komin út á ystu mörk í textíl. Það skiptir ekki máli, svona vil ég vinna," segir Sigurlaug.

Norræna textílsýningin Saarilla á Kjarvalsstöðum er opin til 28. mars. Við þökkum þeim Önnu Þóru og Sigurlaugu spjallið og leiðsögnina um forvitnilega og fjölbreytta sýningu.

H. Sig.